**Kristjana Gestsdóttir**

---

**From:** Kristófer A. Tómasson
**Sent:** sunnudagur, 25. febrúar 2018 20:52
**To:** Kristjana Gestsdóttir
**Subject:** FRS: Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2018


| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | |
|---|---|
| Bnr. 0.0 | K/S 26.2.18 |
| Ábm. | Svfr. |
| Afgr. Fundur | ( )Bréf ( )St. |
| Lvm. | Trm. |


fundur 57

Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.

-------- Upprunalegt skeyti --------
Frá: "Ungmennafélag Íslands (UMFÍ)" <umfi@umfi.is>
Dagsetning: 6.2.2018 13:43 (GMT+00:00)
Til: skeidgnup@skeidgnup.is
Efni: Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2018




# UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2018

UMFÍ stendur nú í níunda sinn fyrir ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Yfirskrift rástefnunnar í ár er *Okkar skoðun skiptir máli!* Ráðstefnan fer fram dagana 21. – 23. mars nk. á hótel Borealis Efri- Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Á ráðstefnunni munu þátttakendur ræða stöðu sína í samfélaginu og taka frumvarp um lækkun kosningaraldurs til sveitastjórna til sérstakrar umræðu. Þátttakendur eru hvattir til að undirbúa sig fyrir ráðstefnuna, skoða stöðu ungmenna í sínu samfélagi. Hvaða breytingar vill ungt fólk sjá? Hvað finnst ungu fólki vel gert? Finnst ungu fólki tekið mark á skoðunum þeirra?

Ráðstefnan er ætluð ungu fólki á aldrinum 16 – 25 ára. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður við 80 manns eða tvo þátttakendur frá hverju ungmennaráði auk starfsmanns ef vill. Þátttakendum yngri en 18 ára þarf að fylgja með fullorðinn einstaklingur. Þátttökugjald er 15.000kr. fyrir hvern einstakling. UMFÍ styrkir ferðakostnað. Athygli er vakin á því að aðeins lággjaldafargjöld eru endurgreidd, eða ódýrasti ferðamátinn. Jafnframt er aðeins greitt fyrir þátttakendur sem þurfa að ferðast lengra en 100km aðra leið. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík á miðvikudeginum og til baka að lokinni ráðstefnu á föstudeginum. Skila þarf inn kvittunum til þess að fá ferðakostnað endurgreiddan.

Ungmennaráð UMFÍ hefur veg og vanda að ráðstefnunni en auk þess kemur að henni Grímsnes- og Grafningshreppur. Dagskrá verður með fjölbreyttu sniði og birt þegar nær dregur. Til viðbótar verður stutt spurningakönnun send út til þátttakenda fyrir ráðstefnuna.

Skráningafrestur er til 12. mars nk.

Ef eitthvað er óljóst er velkomið að senda fyrirspurn til Sabínu Steinunnar, starfsmanns ungmennaráðs UMFÍ, sabina@umfi.is eða á ungmennaráðið sjálft, ungmennarad@umfi.is.

---

**Hægt er að smella hér til að skrá sig**


*Ungmennafélag Íslands - UMFÍ*
*Þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtún 42, 105 Reykjavík*
Sími 568-2929 | Netfang: umfi@umfi.is | www.umfi.is



Afskráning af póstlista
Ég vil skrá mig af póstlista UMFÍ